

Umsögn um frumvarp til kvikmyndalaga.

Frumvarp þetta felur í sér tvær meginbreytingar á núgildandi lögum um kvikmyndamál.

Hin fyrri er að Kvikmyndasafn Íslands er gert að sjálfstæðri stofnun. Þessi breyting er bæði tímabær og nauðsynleg.

Hin seinni er að stjórnun Kvikmyndasjóðs er samkvæmt frumvarpinu færð úr höndum stjórnar sjóðsins, framkvæmdastjóra hans og úthlutunarnefndar til ráðherraskipaðs forstöðumanns.

Þessi breyting er vægast sagt umdeilanleg.

Í fyrsta lagi er vandséð hvaða nauðsyn ber til að umturna skipan stjórnar Kvikmyndasjóðs. Þar ríkir sátt og samvinna fulltrúa ríkisins, hagsmunaaðila og fagfélaga kvikmyndagerðarmanna. Stjórn sjóðsins hefur unnið vel, undir forystu fulltrúa menntamálaráðherra og það ríkir víðtæk sátt um störf hennar innan greinarinnar.


Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að forstöðumaður annast úthlutanir úr sjóðnum auk þess að taka yfir störf stjórnar sjóðsins. Forstöðumaðurinn á þannig bæði að úthluta styrkjum og svara fyrir álitamál og þá gagnrýni sem óhjákvæmilegt er að fylgi slíkum úthlutunum. Framkvæmda- og dómsvald er þannig á einni hendi.

Í dag velur stjórn Kvikmyndasjóðs úthlutunarnefnd sem annast úthlutun úr sjóðnum. Þannig er stjórnin ekki með puttana í útteilingu styrkja og getur því tekið á ýmsum þeim málum sem upp koma í kringum úthlutanir án þess að verða sökuð um hagsmunatengsl.

Þá er því við að bæta að samkvæmt frumvarpinu skipar ráðherra forstöðumanninn sem síðan annast úthlutanir úr sjóðnum. Þetta býður augljóslega upp á möguleika á beinum pólitískum afskiptum af því hverjir geti framleitt kvikmyndir á Íslandi og hverjir ekki.

Vegna þessara ágalla er Félag kvikmyndagerðarmanna mótfallið frumvarpi þessu og telur að það verði kvikmyndagerð á Íslandi ekki til framdráttar.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Félags kvikmyndagerðarmanna



Björn Br Björnsson